

Mál nr.378 /2009

M og

Vátryggingafélagið V-1 v A og B og

Vátryggingafélagið V-2 v C

Árekstur bifreiða í Njörvasundi þ.30.9.2009.

Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 29.10.2009 ásamt fylgiskjöllum 1-2
2. Bréf V-1 dags. 9.11.2009.
3. Bréf V-2 dags. 16.11.2009

Málsatvik.

Ökumaður B segir að hann hafi ekið suður Njörvasund á 30-40 km hraða þegar C hafi verið ekið úr bifreiðastæði án stefnumerkja og hafi hann lent í hlið C. Ökumaður C segir að hún hafi verið búin að leggja á bifreiðina til vinstri og verið að fara að leggja á stað þegar hún hafi fengið högg á vinstri hlið C og við það hafi bifreið hennar lent á A. Ágreiningslaust er að A var kyrrstæð og mannlauð þegar áreksturinn varð. Lagt er fram skýrsla frá Aðstoð og öryggi þar sem leiddar eru að því líkur að B hafi verið ekið á um 54 km hraða.

Álit.

Á framhlið tjónstilkynningar sem ökumaður C undirritar er merkt við tl. 2 þar sem segir ”ók úr kyrrstöðu frá gangstétt” Miðað við fyrirliggjandi gögn þá verður ekki annað séð en C hafi verið ekið úr kyrrstöðu í veg fyrir B og ber ökumaður C því meginsök á árekstrinum. Ökumaður B segist hafa ekið á milli 30 og 40 km hraða í umrætt sinn en hámarkshraði á akbraut er 30 km. Telja verður sannað miðað við fyrirliggjandi gögn sem fá að hluta til stuðning í framburði ökumanns B að B hafi verið ekið of hratt miðað við aðstæður í umrætt sinn og ber því ökumaður B einnig sök á árekstrinum. Við mat á sakarskiptingu þykir eðlilegt að ökumaður C beri 2/3 sakar en ökumaður B beri 1/3 sakar.

Niðurstaða.

Ökumaður B ber 1/3 sakar og ökumaður C ber 2/3 sakar.

Reykjavík 1.12. 2009.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.